



2010

Þjóðarspejillinn

Hver veitir eldra fólki aðstoð ?

Eldri borgarar, aðstandendur og opinberir
þjónustuaðilar

Sigurveig H. Sigurðardóttir

Félagsráðgjafardeild
Ritstjóri: Halldór S. Guðmundsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-7-8



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hver veitir eldra fólki aðstoð?

Eldri borgarar, aðstandendur og opinberir þjónustuaðilar

Sigurveig H. Sigurðardóttir

Aldraður er samkvæmt íslenskum lögum sá sem náð hefur er 67 ára aldri (Lög um málefni aldraðra nr.125/1999). Í byrjun árs 2010 voru aldraðir 10,4% af þjóðinni. Þeim fer hratt fjölgandi og eftir 50 ár er búist við að þeir verði um 21% af þjóðarheild (Hagstofa Íslands, 2010). Stærsti hluti þessa hóps er sjálfbjarga og þarf litla sem enga aðstoð en með hækkanði aldri eru meiri líkur á að heilsu hraki og fólk þurfi einhverrar aðstoðar við. Hlutfallsleg fjölgun aldraðra er mest í hópnum 80 ára og eldri, en það er sá hópur sem þarfnast mestrar aðstoðar.

Í íslensku samfélagi hefur sú stefna verið ríkjandi undanfarið ár að stuðla að því að eldri borgar geti búið á heimilum sínum eins lengi og kostur er og opinberir aðilar hafa lagt áherslu á að bæta félags- og heilbrigðisþjónustu á þann veg að gera þeim það kleift. Í flestum sveitarfélögum landsins eiga eldri borgarar kost á heimilishjálpi og heimahjúkrun og víða er einnig boðið upp á félagsstarf, heimsendan mat, akstursþjónustu og hvíldarinnlagnir (Ríkisendurskoðun, 2005). Þjónusta opinberra aðila er mikilvæg til þess að aldraðir geti búið heima sem lengst, en án stuðnings og aðstoðar fjölskyldu og vina ættu margir erfitt með sjálfstæða búsetu. Þegar fjallað er um þarfir eldra fólks, er því mikilvægt að huga að félagslegum aðstæðum þess, hvernig og hvar það býr og nálægð við fjölskylduna. Þar sem fjölskyldan er mikilvægur hjálparaðili þarf einnig að huga að þörfum hennar og kanna með hvaða hætti er hægt að styðja hana í því mikilvæga hlutverki.

Hér verður gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum úr rannsókninni ICEOLD (*Icelandic older people*) sem hafði það að markmiði að kanna hver væri þörf eldri borgara sem búa í heimahúsum fyrir þjónustu og hver það er sem veiti þjónustuna. Verið er að vinna frekar úr gögnunum og þessi hluti niðurstaðna því lýsandi þar sem ólokið er frekari greiningu þ.m.t. marktektarprófum. Rannsóknin var styrkt af Öldrunarráði Íslands, Öldrunarfræðafélagi Íslands og REASSESS (*Nordic Centre of Excellence in Welfare Research*). Auk þess hafa Rannsóknasjóður og Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands styrkt verkefnið. Þessum aðilum, öðrum þeim sem komu að rannsókninni og því eldra fólki sem svaraði spurningunum eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Þjónusta við eldri borgara

Stefnumótun og áætlanagerð í málefnum aldraðra hafa frá setningu fyrstu laga um þennan málaflokk árið 1982 heyrt undir Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið en í ársbyrjun 2008 fluttist yfirstjórnin til Félags- og tryggingamálaráðuneytisins (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999). Þó svo að nokkur reynslusveitarfélög hafi á undanförunum árum séð alfarið um þjónustu og framkvæmd öldrunarþjónustu má segja að með þessari laga-breytingu hafi verið stigið fyrsta skrefið til flutnings heildarábyrgðar á málefnum eldri borgara til sveitarfélaga landsins. Gert er ráð fyrir að verkefni verði að fullu færð til sveitarfélaganna og að flutningi verkefna ljúki eigi síðar en árið 2012 (Félags- og trygginga-

málaráðuneytið, 2008). Með þessu fyrirkomulagi má sjá ákveðna viðhorfsbreytingu, þannig að nú er aukin áhersla lögð á almenna velferðarþjónustu fyrir eldra fólk en ekki aðskilda félags- og heilbrigðisþjónustu.

Öldrunarþjónusta er samkvæmt lögum um málefni aldraðra tvíþætt, annars vegar opin öldrunarþjónusta, sem veitt er þeim sem búa heima t.d. heimaþjónusta, heimsendur matur og dagvistun, og hins vegar stofnanaþjónusta sem ætluð er þeim sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir þá aðstoð sem opna öldrunarþjónustan veitir (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999).

Þegar talað er um þjónustu við aldraða er henni gjarna skipti í formlega þjónustu (*formal care/ public care*) annars vegar og óformlega þjónustu hins vegar (*informal care*). Formlega þjónustan er veitt af opinberum aðilum t.d. ríki og sveitarfélögum og gilda um hana ákveðin lög og reglur. Yfirleitt er greitt fyrir hana annað hvort af þeim sem þiggur þjónustuna eða af opinberum aðilum.

Óformlega þjónustan er veitt af fjölskyldunni, maka og börnum eða af nágrönnum, vinum og jafnvel sjálfboðaliðum. Það sem einkennir óformlega þjónustu er að hún er yfirleitt ólaunuð, veitt á öðrum forsendum en opinber þjónusta og ekki alltaf með skipulögðum hætti (Bettio og Plantenga, 2004; Kröger, 2005; Sand, 2005; Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2007). Það getur þó verið misjafnt hvernig fólk skilgreinir óformlega þjónustu og oft er erfitt að meta hvað er þjónusta eða aðstoð við ættingja eða vini og hvað er sjálfsgöð samvinna fjölskyldumeðlima. Þjónusta aðstandenda við eldri borgara í Evrópu er mikil og er talin vera að aukast. Þó svo að ekki séu nein lög á Norðurlöndum sem kveða á um skyldur barna við foreldra sína eins og áður var, er óformleg þjónusta fjölskyldunnar við eldri borgara mikil (Daatland og Herlofsson, 2004; Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2007; Szebehely, 2005).

Þjónusta formlegar og óformlegra þjónustuveitenda er oft tengd og er mikilvægt að þekkja hvernig samspili þessara aðila er háttað og hvernig þjónustan nýtist eldra fólki.

Hugtökin þjónusta og umönnun

Þegar verið er að ræða um þjónustu og umönnun og bera saman umfang og framkvæmd milli landa er mikilvægt að það sé skýrt við hvað er átt. Það getur verið erfitt að þýða hugtök sem lýsa eiga þjónustu (*service*) og umönnun (*care*) á milli tungumála þannig að merking þess sé skýr. Enska hugtakið „*care*“ er notað í tengslum við margs konar mismunandi þarfir bæði um það að veita og þiggja hjálp. Það er einnig notað til að bera saman þætti varðandi félagslega stefnumótun og við greiningu velferðarþjónustu (Anttonen og Zechner, 2009; Knijn og Kremer, 1997; Williams, 2001). Þetta hugtak er erfitt að þýða svo vel sé, en á íslensku er það að jafnaði notað yfir umönnun, þjónustu, aðstoð og hjálp. Mörkin milli þessara hugtaka geta verið óskýr og merking þeirra haft ólíka þýðingu í hugum fólks. Þau gefa það þó til kynna að verið sé að framkvæma verk fyrir einstakling sem þarfnast aðstoðar.

Margir fræðimenn hafa reynt að skýra og skilgreina þessi hugtök þannig að þau lýsi betur þeim þáttum sem verið er að sinna. Norski félagsfræðingurinn Wærness (1982) hefur gert greinarmun á *einstaklingsbundinni þjónustu* (*personal services*) og *umönnun* (*care work*). Hún skilgreinir þjónustu eða aðstoð sem hjálp sem veitt er þeim sem getur framkvæmt verkið sjálfur en umönnun er veitt þeim sem ekki getur hjálpað sér sjálfur eða á í erfiðleikum með það. Hún bendir þó á að skilningur á merkingu þessara hugtaka geti verið óljós, og oft sé ekki augljóst hvað sé umönnun eða sjálfsgöð aðstoð milli maka eða

annarra fjölskyldumeðlima (Daatland, Veenstra og Lima, 2009; Johansson, 2007; Wærness, 1996).

Í þessari rannsókn eru hugtökin aðstoð, þjónusta og umönnun notuð jöfnum höndum til að lýsa þörf aldraðra einstaklinga fyrir hjálp við ákveðnar athafnir daglegs lífs (ADL). Það ræðst af því hvað hinn aldraði þarfnast hjálpar við, hvert hugtakanna er notað.

Framkvæmd og markmið

Haustið 2008 var gerð símakönnun meðal Íslendinga 65 ára og eldri, sem búsettir voru víðs vegar á landinu. Markmið rannsóknarinnar er að greina þarfir eldra fólks sem býr í heimahúsum fyrir þjónustu og hvernig þessar þarfir eru uppfylltar. Tilgangurinn er að fá yfirsýn yfir hvernig þörfum aldraðra fyrir aðstoð og þjónustu er mætt og hver það er sem aðstoðar þá. Sérstaklega er kannað hvaða þjónustu aðstandendur veita og hvernig sú aðstoð tengist þjónustu opinberra aðila.

Valdir voru 1400 einstaklingar úr þjóðskrá. Eftir að hafa dregið frá þá sem fluttir voru á hjúkrunarheimili, látnir eða fluttir til annarra landa, var 1189 einstaklingum sent kynningarbréf og þeim boðið að taka þátt í rannsókninni. Þeir sem ekki vildu taka þátt í rannsókninni voru 292, 147 karlar og 147 konur og var meðalaldur þeirra 78 ár. Ekki náðist í 115 einstaklinga.

Þátttakendur voru því 782, 341 karlar og 441 konur á aldrinum 65-98 ára og var svörun því 66%. Meðalaldur svarenda var 77 ár, kvenna 77 ár og karla 76 ár. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 62% þátttakenda en 38% í dreifbýli. Með maka, sambýlismanni/sambýliskonu eða öðrum bjuggu 59%, 51% kvenna og 69% karla. Þeir sem búa einir eru 41% þátttakenda; 49% kvenna og 31% karla. Af þeim sem svöruðu áttu 94% börn og 89% áttu barn sem bjó innan við 25 km frá heimili þeirra. Meirihluti (85%) hiti börn sín einu sinni í viku eða oftar og 90% þeirra svarenda sem áttu börn voru í samband við þau einu sinni í viku eða oftar. 91% svarenda áttu barnabörn.

Auk þess sem upplýsinga var aflað um þjónustubörf, félagslegar aðstæður, heilsufar, tengsl við fjölskyldu og vini og virkni voru þátttakendur spurðir um atvinnu, menntun og búsetu. Einnig var spurt hvort viðmælendur sjálfir veittu einhverjum hjálp og aðstoð. Í þessari grein er fjallað um niðurstöður út frá kyni þátttakenda en ekki greint frá hjúskaparstétt eða sambúðarformi.

Helstu niðurstöður

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir þörfuðust aðstoðar við ýmsa þætti athafna daglegs lífs (ADL) Gerður er greinarmunur á aðstoð við almennar athafnir (*IADL, Instrumental activities of daily living*), s.s. innkaup, matreiðslu, þrif og þvotta eða persónulega aðstoð (*PADL, Personal activities of daily living*) s.s. að klæðast, að komast í og úr rúmi og fara í bað og á salerni.

Eins og sjá má í töflu 1. eru 58% sem telja sig í þörf fyrir aðstoð, flestir þeirra í þörf fyrir aðstoð við heimilisstörf og innkaup (IADL) (48%). Aðeins 10% þátttakenda sem svöruðu eru bæði í þörf fyrir persónulega aðstoð og aðstoð við heimilisstörf (IADL og PADL), 12% kvenna og 8% karla. Konur eru því oftar í þörf fyrir aðstoð við bæði heimilisstörf og persónulega aðstoð en karlar. Í hópnum sem þurfti bæði aðstoð við heimilisstörf og persónulega aðstoð eru tveir þriðju 80 ára og eldri.

Tafla 1. Aðstoðarþörf eldri borgara sem búa heima

Aðstoðarþörf	konur	%	karlar	%	samtals	%
Engin þörf	195	44	130	38	325	42
Aðeins IADL þörf	194	44	183	54	377	48
Bæði IADL og PADL þörf	52	12	28	8	80	10
Alls	441	100	341	100	782	100

Í töflu 2 má sjá hverjir það eru sem aðstoða eldra fólk. Þar má sjá að 43% (27+16) fá aðstoð frá fjölskyldu sinni, vinum og nágrönnum, þar af 27% einungis frá þessum aðilum. Formlega aðstoð frá opinberum aðilum, heimilishjálpi og heimahjúkrun fá 4% en 16% fá aðstoð bæði frá fjölskyldu og opinberum aðilum. Heldur herra hlutfall kvenna en karla fær þjónustu frá formlegum og óformlegum aðilum. Alls fá 14% aðra opinbera aðstoð en heimilishjálpi og heimahjúkrun t.d. öryggishnapp, akstursþjónustu, heimsendan mat, dagdvöl eða hvíldarinnlögn (ekki sýnt í töflu). Helmingur þeirra sem þessarar aðstoðar njóta fá aðstoð bæði frá ættingjum og heimilishjálpi/heimahjúkrun.

Tafla 2. Þeir sem veita eldri borgurum sem búa heima aðstoð

Aðstoðar aðili	konur	%	karlar	%	samtals	%
Fá enga aðstoð	220	54	169	51	389	53
Eingöngu óformlegir aðilar	104	26	97	29	201	27
Eingöngu formlegir aðilar	11	3	17	5	28	4
Bæði formlegir- og óformlegir aðilar	70	17	47	14	117	16
Alls	405	100	330	99	735	100

Hvers konar aðstoðar er þörf?

Í töflu 3. kemur fram hvaða verkefni eldra fólk þarfnast oft eða alltaf aðstoðar við. Þar má sjá að 19% allra sem spurðir voru þarfnast oft eða alltaf aðstoðar við innkaup, 15% við matreiðslu, 27% við þrif og 14% við þvotta. Mun herra hlutfall karla þarfnast oft eða alltaf aðstoðar við matseld og þvotta en konur. Hlutfallslega jafn margir karlar og konur svara því til að þeir þarfnast aðstoðar við þrif. Margir svarenda þörfnuðust aðstoðar við fleiri en einn þessara þátta.

Þegar skoðað er hve margir þarfnast persónulegrar aðstoðar má sjá að 1% svarenda eru oft eða alltaf í þörf fyrir aðstoð við að klæðast, komast í og úr rúmi og fara á salerni en 8% þörfnuðust oft eða alltaf aðstoðar við að fara í bað eða sturtu. Þegar aðstoðarþörf jókst fá fleiri aðstoð bæði frá fjölskyldunni og opinberum aðilum.

Auk þess að spyrja þátttakendur um þörf fyrir aðstoð við IADL og PADL voru þeir spurðir hvort þeir þörfnuðust aðstoðar við bankaerindi, að hafa samband við opinbera aðila eða að fara til læknis. Þeir sem þarfnast aðstoðar oft eða alltaf við bankaerindi eru 14%, hlutfallslega fleiri konur en karlar.. Fleiri konur þarfnast einnig aðstoðar við að hafa samband við opinbera aðila, en alls telja 8% sig þurfa slíka aðstoð. Hlutfallslega fleiri konur en karlar þiggja einnig aðstoð við að fara til læknis, en alls þurfa 12% svarenda aðstoð við læknisheimsóknir.

Hver veitir eldra fólki aðstoð?

Tafla 3. Þarfnast alltaf eða oft aðstoðar við

I ADL	konur	%	karlar	%	samtals	%
innkaup	111	25	34	10	145	19
matseld	41	9	73	22	114	15
þrif	119	27	89	27	208	27
þvotta	33	8	78	24	111	14
Fjöldi svara	304		274		578	

P ADL	konur	%	karlar	%	samtals	%
bað/sturtu	38	9	20	6	58	8
fara á salerni	0	0	8	2	8	1
fara í og úr rúmi	1	0	7	2	8	1
klæðast/hátta	1	0	8	2	9	1
Fjöldi svara	40		43		83	

Önnur aðstoðarþörf	konur	%	karlar	%	samtals	%
við bankaerindi	82	19	25	8	107	14
samskipti við opinbera aðila	41	10	18	5	59	8
að fara til læknis	66	16	25	8	91	12
Fjöldi svara	189		68		257	

(Prósentuhlutfall miðast við heildarsvörin, þátttakendur gátu merkt við fleiri en eitt svar).

Hver veitir eldra fólki aðstoð?

Eins og fram hefur komið fá 43% þeirra sem spurðir voru aðstoð frá óformlegum aðilum; fjölskyldu sinni og vinum, en 20% frá formlegum, opinberum aðilum, heimilishjálpi og heimahjúkrun. Af þeim sem fengu aðstoð fengu 10% aðstoð frá heimilishjálpi og/eða heimahjúkrun fjórum sinnum í viku eða oftari en 21% fengu aðstoð frá fjölskyldu sinni jafn oft. Heimilishjálpi þrisvar í mánuði eða sjaldnar fengu meira en helmingur þeirra sem töldu sig þurfa aðstoð.

Þátttakendur voru einnig spurðir um þann sem veitir þeim mesta aðstoð og í töflu 4 má sjá hverjir það eru sem aðstoða svarendur mest. Þar sem makar eru til staðar aðstoða þeir mest og síðan fjölskyldan, börn, tengdabörn og barnabörn, sem ekki eru búsett á heimili hins aldrada. Hlutfallslega fleiri karlar en konur fá aðstoð frá mökum sínum, eða 51% karla og 28% kvenna. Konur fá mesta aðstoð frá ættingjum sínum sem í flestum tilvikum eru börn þeirra, sérstaklega dætur.

Þegar skoðað er hvað þessir aðilar hjálpa mest við kemur í ljós að fleiri fá aðstoð frá opinberum aðilum þegar þeir þurfa á persónulegri aðstoð að halda (PADL). Þegar þörfin er fyrir hjálpi við heimilisstörf, innkaup og léttari viðvik er það fjölskyldan sem er aðal hjálparaðilinn (ekki í töflu).

Tafla 4. Hver hjálpar þér mest?

Hjálparaðili	konur	%	karlar	%	samtals	%
Maki	68	28	106	50	174	38
Annar á heimili	11	4	11	5	22	5
Ættingi	137	55	66	31	203	44
Vinur	6	2	6	3	12	3
Heimilishjálpar/Heimahjúkrun	14	6	11	5	25	5
Annar aðili	11	4	12	6	23	5
Alls	247	100	212	100	459	100

Umræða

Þegar skipuleggja á þjónustu við eldri borgara í heimahúsum og styðja þá til að búa þar sem lengst, er mikilvægt að vita hverjar þarfir þeirra eru en ekki síður hverjir eru helstu hjálparaðilarnir. Þeir opinberu aðilar sem veita öldruðum aðstoð eru í flestum tilvikum ríki og sveitarfélög og óformlegir hjálparaðilar eru fjölskylda, vinir og nágrannar. Á síðustu árum hafa einkafyrirtæki einnig farið að veita þessa þjónustu. Þáttur fjölskyldunnar í umönnun og þjónustu við aldraða hefur ekki fengið mikla athygli og er lítið fjallað um þessa mikilvægu aðstoð í lögum og reglugerðum (Soffía S. Egilsdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2009). Þessi rannsókn staðfestir að aðstoð fjölskyldunnar við aldraða er mikill hér á landi.

Eins og sjá má af niðurstöðum rannsóknarinnar töldu tæplega sex af hverjum tíu þátttakendum sig þurfa á þjónustu að halda. Flestir þurftu aðstoð einungis við heimilisstörf. Þegar á heildina er lítið þurftu konur oftast aðstoð við bæði heimilisstörf (IADL) og persónulega umönnun (PADL) en karlar. Þeir þörfuðust þó oftast hjálpar við matseld og þvotta. Fleiri konur en karlar þörfuðust aðstoðar við að sinna bankaerindum og við að hafa samband við opinbera aðila. Ekki er ólíklegt að sú hefðbundna verkaskipting sem ríkti hjá konum og körlum af þeirri kynslóð sem rætt var við endurspeglislist í þessum niðurstöðum. Kvæntir karlar á þeim aldri sem hér um ræðir voru ekki eins vanir heimilisstörfum og seinni kynslóðir og má því telja að þegar eiginkonur þeirra féllu frá eða gátu ekki sinnt heimilisstörfum hafi þörf þeirra aukist fyrir aðstoð við IADL, sérstaklega matreiðslu og þvotta. Líklegt er einnig að karlar hafi frekar séð um bankaviðskipti og sinnt samskiptum við opinbera aðila. Konurnar þurftu því meiri aðstoð við slík verkefni ef makans naut ekki við. Ekki er munur á kynjunum hvað varðar þörf á aðstoð við þrif.

Þeir sem voru í þörf fyrir persónulega umönnun voru einn af hverjum tíu og voru konur hlutfallslega fleiri. Rannsóknir hafa sýnt að eldri konur eiga við fleiri sjúkdóma að stríða og eru lasburða lengra tímabil á síðustu æviárunum en karlar (Thorslund, Lennartsson, Parker og Lundberg, 2004). Tveir þriðju af þeim sem þurftu mesta aðstoð voru 80 ára og eldri.

Þegar skoðað er hverjir það eru sem veita viðmælendum aðstoð kemur í ljós að hér á landi er fjölskyldan mikilvægasti hjálparaðilinn. Rúmlega fjórir af hverjum tíu (43%) fá aðstoð frá fjölskyldu sinni, vinum og nágrönnum, tæplega þrír af hverjum tíu (27%) fá eingöngu þessa óformlegu aðstoð en enga aðstoð frá opinberum aðilum. Þeir sem búa með maka reiða sig mest á aðstoð hans. Konur hjálpa mökum sínum mun oftast en karlar.

Þáttur barna er einnig töluverður og hjálpa dætur foreldrum sínum frekar en synir. Aðstoð barnanna og sérstaklega dætranna er sérstaklega mikilvæg þeim sem búa einir.

Tveir af hverjum tíu fá aðstoð bæði frá fjölskyldu sinni og opinberum aðilum. Rannsóknin sýnir að þegar að þörfin eykst fyrir aðstoð njóta fleiri aðstoðar bæði fjölskyldu sinnar og opinberra aðila. Fleiri rannsóknir hafa sýnt þessar niðurstöður (Sundström, Malmberg og Johansson, 2006).

Þeir sem fengu einungis heimilishjálp og/eða heimahjúkrun frá opinberum aðilum en enga aðstoð frá ættingjum voru 4% viðmælenda. Hjálparþörf þeirra var þó frekar lítil, því meira en helmingur þeirra fékk aðeins heimilishjálp þrisvar í mánuði eða sjaldnar, oftast við þrif. Helmingur þeirra sem fengu heimsendan mat, dagdvöl, hvíldarinnlögn eða öryggishnapp fengu auk heimilishjálpar og heimahjúkrunar einnig aðstoð frá fjölskyldunni. Í samanburði við nágrannalönd okkar fá fleiri hér á landi aðstoð frá heimilishjálp og heimahjúkrun en hins vegar færri tímar fyrir hvern (NOSOSCO, 2009; Szebehely, 2005).

Það er því ljóst að þeir sem þurfa aðstoð reiða sig í ríkum mæli á aðstoð fjölskyldunnar. Þegar skoðað er hvað þessir aðilar hjálpa mest við kemur í ljós að fleiri fá aðstoð frá opinberum aðilum þegar þeir þurfa á persónulegri aðstoð að halda (PADL). Meðan aðstoðarþörfin er minni er það fjölskyldan sem veitir mesta aðstoð en fólk óskar frekar eftir aðstoð opinberra aðila þegar hjálparþörfin eykst hvað varðar persónulega umönnun. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að fjölskyldan er líklegri til að aðstoða við IADL en þegar þörfin fyrir persónulega umönnun eykst eru meiri líkur á að opinberir þjónustuaðilar taki yfir þann þátt aðstoðarinnar (Ekwall, Sivberg og Hallberg, 2004; Ernst Bravell, 2007).

Lokaorð

Mikilvægt er að huga að framkvæmd þjónustu við eldri borgara og vita hver það er sem ber hita og þunga af henni. Sérstaklega er mikilvægt að hafa það í huga núna, þegar breytingar standa fyrir dyrum með flutningi málaflokksins til sveitarfélaganna. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar má draga þá ályktun að fjölskyldan sé sá aðili sem hjálpar eldra fólki í heimahúsum mest. Aðstoðin er þó meira við léttari athafnir daglegs lífs. Sú aðstoð sem opinberir aðilar veita virðist ekki vera öflug og stór hluti þeirra sem hana þiggja fá hana sjaldan. Hafa ber þó í huga að brottfall í rannsókninni er nokkuð og líklegt er að einhverjir þeirra sem ekki svöruðu séu veikir eða lasburða.

Það er staðreynd að sú stefna sem gerir eldra fólki kleift að búa heima sem lengst var tekin upp síðar hér á landi en í nágrannalöndunum og þar til fyrir fáeinum árum voru fleiri eldri borgarar á Íslandi á hjúkrunarheimilum og stofnunum en þar (NOSOSCO, 2009). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að áhersla á stofnanavistun og takmörkuð þjónusta í heimahúsum hafi þær afleiðingar að eldra fólk sem þarf á persónulegri þjónustu að halda fái ekki nægilega aðstoð í heimahúsum og leiti því eftir þjónustu á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Greinilegt er að þáttur fjölskyldunnar í þjónustu og umönnun við eldri borgara er mikill á Íslandi. Víða erlendis eru merki um að það sé aukning á fjölskylduadstoð við eldri borgara og hafa stjórnvöld hvatt sveitarfélög til að styðja betur við þá aðstandendur sem veita aðstoð (Jegermalm og Jeppson Grassmann, 2009). Hér á landi þarf að huga að þeim þætti og kanna enn frekar hvernig hægt er að styðja fjölskyldur sem annast aldraða ástvini í heimahúsum.

Heimildir

- Anttonen, A. og Zechner, M. (2009). *Theorising care and care work*. Óútgefið handrit.
- Bettio, F. og Plantenga, J. (2004). Comparing care regimes in Europe. *Feminist Economics*, 10(1), 85-113.
- Daatland, S. O. og Herlofsson, K. (2004). *Familie, velferdsstat og aldring. Familiesolidaritet i et europeisk perspektiv* (Rannsóknarskýrsla númer 7/04). Oslo: Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring (NOVA).
- Daatland, S. O., Veenstra, M. og Lima, I. A. (2009). *Helse, familie og omsorg over livsløpet* (NOVA-Rannsóknarskýrsla númer 4/2009). Oslo: Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring (NOVA).
- Ekwall, A., Sivberg, B. og Hallberg, I. R. (2004). Dimensions of informal care and quality of life among elderly family caregivers. *Scand J Caring Sci.*, 18(3), 239-248.
- Ernst Bravell, M. (2007). *Care trajectories in the oldest old* [Dissertation series no. 3.2007]. Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Jönköping.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2008, júní). *Stefna í málefnum aldraðra*. Sótt 19. ágúst 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3862>
- Jegermalm, M. og Jeppsson Grassman E. (2009). Patterns of Informal Help and Caregiving in Sweden: A Thirteen-Year Perspective. *Social Policy and Administration*, 43(7), 681-701.
- Johansson, L. (2007). *Anhörig - omsorg och stöd*. Lund: Studentlitteratur.
- Hagstofa Íslands. (2010, júlí). Spá um mannfjölda 2010-2060 [rafræn útgáfa]. *Hagtíðindi*, 3, 4-5. Sótt 3. ágúst 2010 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11237>
- Knijjn, T. og Kremer, M. (1997). Gender and the caring dimension of welfare states: Toward Inclusive Citizenship. *Social Politics*, 4(3), 328-361.
- Kröger, T. (2005). Interplay between formal and informal care for older people: the state of the Nordic research. Í M. Szebehely (ritstjóri), *Áldreomsorgsforskning i Norden. En kunskapsöversikt* (bls. 243-280). Kaupmannahöfn: Nordiska Ministerrådet.
- Lög um málefni aldraðra* nr. 125/1999.
- NOSOSCO. (2009). *Social Protection in the Nordic Countries, 2007/2008* [rafræn útgáfa]. Scope: Expenditure and Financing. Sótt 10. ágúst 2010 af <http://nososco-eng.nomnos.dk/filer/publikationer/Social%20Protection%202009.pdf>
- Ríkisendurskoðun. (2005, október). Þjónusta við aldraða. Stjórnarsýsluúttekt [rafræn útgáfa]. Sótt 3. ágúst 2010 af http://www.ríkisend.is/files/skyrslur_2005/aldradir_thjonusta.pdf
- Sand, A.-B. (2005). Informell äldreomsorg samt stöd till informella vårdare – en nordisk forskningsöversikt. Í M. Szebehely (ritstjóri), *Áldreomsorgsforskning i Norden. En kunskapsöversikt* (bls. 197-241). Kaupmannahöfn: Nordiska Ministerrådet.
- Sigurveig H. Sigurðardóttir. (2007). Umönnun og þjónusta aðstandenda við eldri borgara. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 263-273). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Soffía S. Egilsdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (2009). Samskipti aðstandenda og starfsfólks á hjúkrunarheimilum. Að dansa í takt. Í Halldór S. Gudmundsson og Silja B. Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í Félagsvísindum X* (bls. 131-144). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sundström, G. Malmberg, B. og Johansson, L. (2006). Balancing family and state care: neither, either or both? The case of Sweden. *Ageing & Society*, 26, 767-782.
- Szebehely, M. (2005). Nordisk äldreomsorgsforskning- en sammanfattande diskussion. Í M. Szebehely (ritstjóri), *Áldreomsorgsforskning i Norden, en kunskapsöversikt* (bls. 371-388). Kaupmannahöfn: Nordiska ministerrådet.

- Thorslund, M., Lennartsson, C., Parker, M. og Lundberg, O. (2004). De allra äldstas hälsa har blivit sämre. Könsskillnaderna är stora - kvinnorna mår sämre än männen visar nya data. *Läkartidningen*, 17(101), 1494-1499.
- Williams, F. (2001). In and beyond New Labour. Towards a new political ethics of care. *Critical Social Policy*, 21(4), 467-493.
- Wærness, K. (1982). *Kvinneperspektiver på socialpolitikken. Kvinners levekår og livslöp*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Wærness, K. (1996). Omsorgsrationalitet. Reflexioner över ett begrepps karriär. Í R. Eliasson (ritstjóri), *Omsorgens skiftningar. Begreppet, vardagen, politiken, forskningen* (bls. 203-212). Lund: Studentlitteratur.